

## **Pistill í Húnavöku frá Héraðsskjalasafni A-Hún.**

Á síðasta ári var tekin upp sú regla að gera greinargerð með hverri afhendingu fyrir sig þar sem kemur fram allar helstu upplýsingar um viðkomandi afhendingu.

Er það gert þannig að fram kemur sögulegt ágríp félags/stofnunar – æviágríp einstaklings, innihald afhendingarinnar, ástand skjala, aðrar afhendingar tengdar skjalamyndara, afhendingaraðili – hver afhendir, hvenær, tengsl afhendingaraðila við skjalamyndara.

Líka var byrjað að skrá afhendingar og gestakomur í rafræna skrá svo auðveldara er að nálgast tölfraðina sem allt snýst um nú á dögum.

Eitthvað hefur verið um millisafnalán, veittar upplýsingar og beðið um eitt og annað frá öðrum söfnum, eftir þörfum. Hægt að fá skannaðar myndir og sendar í tölvupósti ef þörf er á.

Nefnd Bygðasamlags um Héraðsskjalasafn Austur Húnavatnssýslu skipa:

Adolf Berndsen, Skagaströnd  
Arnar Þór Sævarsson, Blönduósi  
Kári Kárason, Blönduósi  
Vignir Sveinsson, Höfnum  
Þóra Sverrisdóttir, Stóru-Giljá

Heimsóknir, símhringingar og tölvupóstar hafa verið 282 á þessu ári. Sjötti bekkur úr Blönduskóla kom í heimsókn til að fræðast um starfsemi safnsins og er að verða hefð á því.

Reynt hefur verið eftir fremsta megni að verða við öllum fyrirspurnum, bæði í formi símhringinga og tölvupósta.

Að þessu sinni hafa 8 aðilar afhent gögn til safnsins, og þakkar héraðsskjalavörður þeim fyrir.

Eftirtaldir færðu safninu skjöl og myndir árið 2013.

Herdís Einarsdóttir Blönduós  
Kristján Þorbjörnsson Blönduós  
Sigríður H. Bjarkadóttir Blönduós  
Borgarskjalasafn Reykjavíkur  
Gréta Björnsdóttir Húnsstöðum  
Gróa Lárusdóttir Brúsastöðum  
Gerður Hallgrímsdóttir Blönduós